Draumur.

Ritað í Reykjavík,
27.ágúst 1944.

1 blað qto. 24.

# Draumur

Séra Sigurbjörn Einarsson dreymir, að hann sé staddur í Þjóðmenni miklu í Reykjavík og úti við, er hann sér þar konu eina sem hann hefði aldrei áður séð og veit engin deili á henni, að því er honum var sagt þá, að hún héti Þóra Borg og væri leikkona. Leizt honum svo á, að hún væri hjálparþurfi mjög og þyrfti liðsinnis við.

Nokkru síðar er hringt til hans í síma að morgni dags og honum tilkynnt, að þá nýlega hafi drengur nokkur við Hallveigarstíg verið skotinn til bana og var hann nú beðinn að jarðsyngja hann er að því kæmi að degi og stund væri ákveðin til þess.

Hvaða þátt átti nú frú Þóra Borg í þessari draumvitran? Jú, maður hennar hafði orðið fyrir voðaskoti litlu áður inn hjá Hálogalandi og beðið bana af, en um það, að maður þessi var kvæntur henni, hafði presturinn enga vitneskju fengið áður.

Þannig þurfti voðaskot mannsins að ~~verða~~ fara króka leið til þess, að boða prestinum hið óvænta voðaskot drengsins við Hallveigarstíg.

Er þetta einn hinna mörgu „drauma fyrir daglátum", sem menn dreymir oft um á ýmsa lund og óvænta mjög. (Eftir séra Sigurbirni Einarssyni sjálfum).

Reykjavík, 27. ágúst 1944

Hjartalsson.